

Þinggerð 25. Karateþings 18. febrúar 2012.

1. Þingsetning.

Reinharð Reinharðsson setti þingið með ávarpi.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Kosinn þingforseti Helgi Jóhannesson

Kosinn þingritari. Agnar B Helgason

Ávörp gesta.

Hafsteinn Pálsson stjórnarmaður ÍSÍ

Flytur þakkir fyrir gott samstarf við karatesambandið. ÍSÍ verður 100 ára og er ýmislegt gert til að krydda tilveruna á afmælisárinu m.a. sett á laggirnar Heiðurshöll ÍSÍ fyrstur sem fær inngöngu er Vilhjálmur Einarsson. Hafsteinn hrósar sambandinu fyrir ábyrgan rekstur og að hann sé réttu megin við strikið sem auðveldar starf sambandsins því það fæli góða menn frá sambandi ef illa gengur. Vill minna á mikilvæg fyrirtæki sem sambandið rekur: getsþá og getraunir gefa tekjur sem skipta miklu máli, eftirsóttir fjármunir sem dreift er víða innan íþróttahreyfingarinnar m.a. til þeirra sem sinna barnastarfi og fl.

Í ár eru sumarleikar sem setur mark sitt á starf ÍSÍ London, Hafsteinn sinnir almenningsíþróttatækun og verkefnum sem snúa að þátttöku almennings í íþróttastarfi m.a. Lífshlupið, Hjólað í vinnuna, Kvennahlupið. Hafsteinn talaði einnig um sérsambönd með ólík kynjahlutföll, konur í meirihluta hjá fimleikasambandinu og kallar í meirihluta hjá karatesambandi, starfað er samt af fullum krafti í þágu beggja kynja. Óskar þess að árið verði gott karate ár þakkar fyrir og óskar okkur góðs gengis

Aðrir gestir eru Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Víðir Sigurðsson íþróttafréttamaður frá Morgunblaðinu/mbl.is .

3. Kosnar fastar nefndir:

a. Kjörbréfanefnd.

- a. Indriði Jónsson,
- b. Guðni M Egilsson,
- c. Halldór Pálsson

b. Fjárlaganefnd

- a. Willem Cornelis Verheul,
- b. Kristján Ó Davíðsson
- c. Indriði Jónsson

c. Laga- og leikreglanefnd.

- a. Helgi Jóhannesson
- b. Pétur Ragnarsson
- c. Halldór Pálsson

d. Allsherjarnefnd.

- a. Pétur Ragnarsson
- b. Guðni M Egilsson
- c. Kristján Ó Davíðsson

e. Kjörnefnd.

- a. Reinharð Reinharðsson

- b. Kristján Lárusson
- c. Axel Baldursson

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
Reinharð Reinharðsson fór yfir skýrslu stjórnar.

„Frá formanni.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands er hundrað ára á þessu ári. Það var stofnað 28. janúar 1912 í Báraubúð sem stóð þar sem Ráðhús Reykjavíkur stendur nú. Óskum við því alls hins besta á árinu og munum taka þátt í hátíðarhöldum á vegum ÍSÍ af því tilefni.

Karatesambandið var stofnað 28. febrúar 1985 og eru því að verða 27 ár frá stofnun þess. Fjórir einstaklingar gegnt starfi formanns frá upphafi. Enn er rétt að benda á að hægt er að lesa ársskýrslur og þinggerðir á vef Karatesambandsins undir liðnum “Karatesaga”.

Ýmsar breytingar hafa verið á mótahaldi frá 1985. Í upphafi var eitt Íslandsmeistarmót þar sem keppt var í kata og kumite á einum löngum degi. Síðar var mótunum skipt upp í kata- og kumitemót, bikarmótaröðin bættist við og nú síðast GrandPrix mótaröðin fyrir 12 – 17 ára. Mótahald hefur verið með föstum skorðum nú um nokkura ára skeið. Með nýjustu breytingum á keppnisreglum Alþjóða karatesambandsins þarf að fjölga um einn dómara á hverjum velli og er nú svo komið að við verðum að fá fleiri til starfa við dómgæslu ef ekki á að koma til vandræða við mótahald í framtíðinni. Einnig verðum við að leggjast á eitt við að fá fleiri starfsmenn frá félögunum til starfa á mótunum.

Góður árangur náðist erlendis á árinu. Opna Sænska meistaramótið í karate var haldið í Malmö í mars og var afraksturinn eitt silfur og níu brons. Mótið var mjög sterkt en yfir 700 keppendur tóku þátt frá 13 löndum. Íslenska landsliðið í karate keppti á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var í Tampere, Finnlandi helgina 16-17 apríl og var árangurinn mjög góður. Tvö silfur og þrjú brons unnust. Helgina, 5-6.nóvember, keppti íslenska landsliðið í karate á Stockholm Open. Mótið var mjög sterkt í ár, yfir 650 keppendur frá 11 löndum tóku þátt báða dagana og uppskeran var 6 gull, 6 silfur og 6 brons.

Nokkur ný verkefni hjá landsliðinu eru í skoðun hjá stjórn KAÍ og landsliðsnefndinni en nú er svo komið að bestu keppendurnir þurfa að fá að keppa á sterkari mótum. Er stefnan sett á að senda keppendur á Evrópumeistaramót, Heimsmeistaramót og nýja röð móta sem kallast Karate1 og eru haldin undir stjórn Alþjóða karatesambandsins. Þá hefur einnig komið til tals að taka þátt í RIG, Reykjavík International Games, sem eru haldnir í lok janúar ár hvert. Er stjórn KAÍ með í athugun hvort sambandið hefur bolmagn til að taka þátt og halda utan um árlegt alþjóðlegt mót, því vel verður að standa að því ef það á að ná að festa sig í sessi.

Landsliðsnefndin hefur haldið úti öflugum æfingaprógrami á árinu bæði í kata og kumite. Hefur Andri Sveinsson verið landsliðsþjálfari í kumite og Magnús Kr. Eyjólfsson verið landsliðsþjálfari í kata. Vil ég þakka þeim fyrir gott starf á árinu.

Þá vil ég einnig þakka fjölmiðlum landsins enn og aftur fyrir aukinn áhuga á karateíþróttinni, þá sérstaklega Morgunblaðinu, mbl.is og RÚV sem hafa verið dugleg við að birta úrslit móta og taka viðtöl við keppnisfólk okkar að þeim loknum.

Ég vil að lokum þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum auk allra sjálfboðaliðanna fyrir góð störf á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson
Formaður KAÍ

Reinharð veitir Víði Sigurðssyni viðurkenningu annað árið í röð og fær hann einnig gjafabréf út að borða fyrir 2, Víðir þakkar fyrir sig og það að karatesambandið komi upplýsingum áleiðis til fjölmiðla á einfaldan máta og skilvirkan.

Indriði Jónsson gerði grein fyrir niðurstöðu kjörbréfanefndar um fjölda gildra þingfulltrúa sem eru 15, voru tilkynntir með kjörbréfum og eru 15 mættir og skoðast lögmatir.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Í fjarveru gjaldkera leggur Reinharð fram reikninga sem hafa verið yfirfarnir af skoðunarmönnum reikninga og fer yfir helstu þætti.

Helgi Jóhannsson biður þingið um samþykki sem er veitt. Reikningar skoðast samþykktir.

6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Reinharð fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2012, áætluninni vísað til fjárlaganefndar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Reinharð fór yfir reglugerðabreytingar sem stjórn hefur lagt fyrir. ÍSÍ sendi inn lagabreytingu sem hefur áhrif á störf karatesambandsins, sjá skýrslu Karatesambandsins.

Lagabreytingu vísað til laga- og leikreglnanefndar.

8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

Helgi Jóhannesson fer yfir mál og tillögur sem borist hafa stjórn, en eitt mál var komið fram sem er Afreksstefna KAÍ og var henni vísað til allsherjarnefndar til umfjöllunar.

9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Helgi Jóhannesson biður Allsherjarnefnd að koma upp og gera grein fyrir störfum, Pétur kemur upp f.h. Allsherjanefndar og skýrir frá Afreksstefnu KAÍ, engin hefur neitt út á hana að setja og setur hana til samþykktar,

Reinharð talar um afreksstefnur og kynnir hugmynd að sem flestir komi að afreksstefnu karatesambandsins (skjal er inná heimasíðu.), að hún sé kynnt á hverju þingi og rædd. Karateheimurinn þarf að hittast á ráðstefnu og ræða afreksstefnu, stjórn mun boða til málþings til þess að setja upp afreksstefnu í upphafi. Setja markmið og leiðir.

Helgi Jóhannesson gerði grein fyrir umræðum í laga og leikreglnanefnd m.a. um breytingar á 5.gr. lögum karatesambandsins sem fjallað er um á bls. 39 í riti 25. Ársþings karatesambands Íslands.

Tillagan er borin til atkvæðagreiðslu og er samþykkt.

Willum kemur upp fyrir hönd fjárlaganefndar og gerir grein fyrir störfum hennar. Talar um fjöldi iðkenda sé ekki raunhæft hjá sumum félögum, tilfærslur á tölum en reikna með að eyða meira í landsliðið.

Willum leggur tölurnar fram til samþykktar

Fjárhagsáætlun 2012

Tekjur		Áætlun 2011	Raun 2011	Áætlun 2011
1111000	Framlög og styrkir	6.400.000	6.220.369	5.500.000
1115000	Tekjur af mótum	930.000	879.000	850.000
1117000	Auglýsingatekjur			
1120000	Húsa- og vallarleigutekjur			
1122000	Félags-, æfinga- og námsk.tekj	500.000	363.000	350.000
1123000	Aðrar tekjur			
1129999	Tekjur alls	7.830.000	7.462.369	6.700.000

Gjöld

1131000	Laun og verktakagreiðslur	800.000	783.000	550.000
1135000	Styrkir deilda/Félagaskipti...			
1137000	Áhöld, tæki og búningar	100.000	0	100.000
1140000	Þátttaka í mótum innanlands			
1141000	Ferðakostn. innanlands			
1142000	Ferðakostn. erlendis landslið	3.800.000	3.141.469	3.050.000
1143000	Annar þátttökukostn.			
1145000	Kostnaður við mótahald	900.000	866.472	800.000
1148000	Rekstur mannvirkja	150.000	162.552	150.000
1153000	Rekstur skrifstofu	250.000	240.953	250.000
1156000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	300.000		400.000
1157000	Dómaranefnd	1.000.000	758.017	950.000
1165000	Önnur gjöld / bankar ofl.		-34.305	
1170000	Erlend samskipti	360.000	355.759	350.000
1174999	REKSTRARGJÖLD ALLS	7.660.000	6.273.917	6.600.000

Hagnaður/tap: 170.000 1.188.452 100.000

Iðkendagjald: 400

Lagt til að hækka gjald félaga til KAÍ frá félögum um 100 kr. Úr 300 í 400, tillaga borinn undir þing og samþykkt einróma.

Fyrirspurn kom varðandi gjaldalið dómaramála um hvort dómarrar fari út og auki réttindi sín á þessu ári. Þingforseti beindi fyrirspurn yfir í dagskráliðinn önnur mál, en svaraði nei við fyrirspurn, ekki á þessu ári og vísaði í önnur mál.

Fjárhagsáætlun lögð til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Formaður kjörnefndar, Reinharð, leggur fram tillögur nefndar;
Reinharð gefur kost á sér áfram sem formaður

Aðrir tilnefndir í stjórn;
Helgi Jóhannesson
Guðni Már Egilsson
Halldór Pálsson
Gunnlaugur Sigurðsson

Tilnefndir í varastjórn;
Indriði Jónsson
Axel Baldursson
Jóhann Sigurðsson

Aganefnd:

Ásmundur Ísak Jónsson, formaður
Gísli Magnússon
Ólafur Helgi Hreinsson
Willem Cornelis Verheul
Magnús Kr. Eyjólfsson
Guðni Már Egilsson, varamaður
Grétar Örn Halldórsson, varamaður
Vicente Carrasco, varamaður

Skoðunarmenn

Indriði Jónsson
Agnar B. Helgason

11. Önnur mál.

Helgi Jóhannesson opnar mælendaskrá og var fyrstur á mælindaskrá. Tvö mál sem hann ræddi um, þ.e. tvær nefndir sem KAÍ skipar, erum undir í mótanefnd og vantar fleiri inn í starfið, erum með 3 og vont ef 1 veikist, Helgi leggur til að félög skoði hvort einhverjir eru til í að starfa í nefndinni. Axel Baldursson, Fylki, bauð sig fram og fögnum við því. Hin nefndin er landsliðsnefnd, þurfum fólk til starfa, félög beðin að horfa til sinna manna, Krisján Ó Davíðsson, Haukum, lýsir áhuga á því að starfa í landsliðsnefnd. Indriði leggur til að það verði fleiri a.m.k. 4 í landsliðsnefnd, einnig leggur hann til að verði fundin skráning sem hægt er að gera rafrænt með forriti. Rætt um ýmsar leiðir til skráningar. Tillaga um að skoða það nánar.

Guðni og Willum ræddu um að breytingar á keppnisformi sé ekki gerð ef t.d. 6 keppendum fækki í 5. Ekki færa niður í round robin.

Guðni: Ath.semd. varðandi dómaramál, er eitthvað af núverandi karatedómurum sem ætla að auka réttindi erlendis, mikilvægt að hafa hæfa dómara í farteskinu, Helgi svara já í báðum tilfellum, dómaranefnd velur hverjir fari erlendis á námskeið og í ár fer Willem á norðurlandamótið og fá dómarar nordic réttindi í kjölfarið, Svíþjóð eru með 4 WKF/EKF dómara og hafa verið lengi Danir eru með 3 EKF, Helgi mælir með því að dómarar fái frekar norðurlanda réttindi því þar fá þeir frekar að dæma heldur en á evrópumóti og fá frekar reynslu. Fjármunum er vel varið í að sambandið sé í alþjóðasamfélaginu.
Lið lokað af Helga

12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.

Stjórn KAÍ:

Reinhard Reinhardsson, formaður

Kosinn einróma.

Helgi Jóhannesson

Guðni Már Egilsson

Halldór Pálsson

Gunnlaugur Sigurðsson

Indriði Jónsson, varamaður

Axel Baldursson, varamaður

Jóhann Sigurðsson, varamaður

13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.

- Ásmundur Ísak Jónsson, formaður
- Gísli Magnússon
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem Cornelis Verheul
- Magnús Kr. Eyjólfsson
- Guðni Már Egilsson, varamaður
- Grétar Örn Halldórsson, varamaður
- Vicente Carrasco, varamaður

14. Val fulltrúa á Íþróttabing.

Tillaga um að vísa þessu til stjórnar KAÍ, samþykkt einróma.

15. Þingslit.

Reinhard þakkaði þinggestum fyrir komuna og góða og gagnlega umræðu á þinginu. Hann óskaði einnig eftir fleirum til að koma til liðs við mótanefnd. Að því búnu sleit hann þinginu.

Agnar B. Helgason

Þingritari

Helgi Jóhannesson

Þingforseti